

## Afsláttarkort vegna heilbrigðisþjónustu

**Tryggingastofnun getur nú sent fleirum afsláttarkort vegna heilbrigðisþjónustu sjálfkrafa heim þar sem farið er að senda upplýsingar um göngudeildarþjónustu á Landspítala-háskólasjúkrahúsi (LSH) rafrænt á milli stofnananna um sérstaka vefþjónustugátt.**

Hægt er að senda afsláttarkortið heim án þess að sérstaklega hafi verið sótt um það. Forsenda þess er að upplýsingar berist Tryggingastofnun um að hámarksgreiðslum fyrir heilbrigðisþjónustu hafi verið náð.

<b>Árlegar greiðslur sem þarf að greiða fyrir heilbrigðisþjónustu áður en afsláttarkort er útgefið eru eftirfarandi *:</b>	<b>Kr. á ári</b>
Einstaklingar	18.000
Ellí- og örorkulífeyrisþegar sem greiða lægra gjald fyrir læknis- og heilsugæsluþjónustu	4.500
Öll börn yngri en 18 ára í sömu fjölskyldu	6.000

Hingað til hafa einungis borist upplýsingar frá sjálfstætt starfandi sérfræðingum sem eru með samning við Tryggingastofnun. Vefþjónustugáttin á milli LSH og Tryggingastofnunar gerir kleift að senda upplýsingar milli stofnananna með öruggum hætti. Þó að til að byrja með sé einungis um að ræða gögn um tiltekna göngudeildarþjónustu á LSH þá stækkar sá hópur sem getur fengið kortin send án sérstakrar umsóknar.

Áfram er þó rétt að geyma allar kvittanir fyrir heilbrigðisþjónustu því upplýsingar sem Tryggingastofnun hefur að byggja á eru enn takmarkaðar. Þannig berast ekki upplýsingar um alla þjónustu sem veitt er á LSH og ekki heldur frá heimilís- og heilsugæslulæknum eða öðrum sjúkrahúsum. Kvittanir fyrir þjónustu sem Tryggingastofnun berast ekki upplýsingar um þarf að senda til þjónustumiðstöðvar á Laugavegi eða til umboðanna um land allt til að fá afsláttarkortið.

Endurgreiðslur verða lagðar beint inn á bankareikninga þeirra sem eiga rétt á þeim.

### **Greiðslur fyrir eftirtalda þjónustu gilda upp í afsláttarkort:**

- Komur á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis
- Vitjanir lækna
- Komur á slysadeild, göngudeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa
- Komur til sérfræðilækna utan sjúkrahúsa
- Komur til sérfræðilækna á göngudeild sjúkrahúsa
- Komur til annarra lækna
- Rannsóknir á rannsóknastofum
- Geisla- og myndgreininga og beinþéttimælinga
- Sérfræðiviðtöl hjá Heyrnar- og talmeinstöð Íslands

Reikningar frá hjartalæknum gilda einnig upp í afsláttarkort ef sjúklingar hafa fengið tilvísun frá heimilislækni. Kostnaður vegna þjálfunar, lyfja, tannlækninga o.fl. er hins vegar ekki tekinn með inn í hámarksupphæðina og veitir ekki rétt til afsláttarkorts.

\* Samkvæmt reglugerð nr. 1090/2006 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu og breytingu með rgl. 290 /2007.